

**Fundargerð 41. fundar
Bæjarstjórnar
haldinn í Ráðhúsinu í Sandgerði,
miðvikudaginn 5. janúar 2022 , kl. 17:30.**

Fundinn sátu:

Einar Jón Pálsson, Hólmfríður Skarphéðinsdóttir, Haraldur Helgason, Laufey Erlendsdóttir, Fríða Stefánsdóttir, Katrín Pétursdóttir, Magnús Sigfús Magnússon, Pálmi Steinar Guðmundsson, Daði Bergþórsson, Magnús Stefánsson og Bergný Jóna Sævarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Bergný Jóna Sævarsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.

1. Fyrirmynd að samþykkt um stjórn sveitarfélaga - 2110010

Á 86. fundi bæjarráðs 24. nóvember 2021 var auglýsing lögð fram til kynningar um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélaga.

Til máls tóku: EJP, MS, DB, PSG, FS, HS og MSM.

Afgreiðsla:

Samþykkt samhljóða að veita heimild til þátttöku fundarmanna í bæjarstjórn og ráðum Suðurnesjabæjar á fjarfundum, sbr. auglýsing um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna og auðvelda ákvarðanatöku við stjórn sveitarfélaga sem birtist í Stjórnartíðindum 15. nóvember 2021.

Með þessari samþykkt er heimilt að allir fundir bæjarstjórnar og ráða Suðurnesjabæjar fari fram með rafrænum hætti, eftir þeim reglum og leiðbeiningum sem um það gildir hverju sinni.

2. Fjárhagsáætlun 2021 - viðaukar - 2102089

Á 87. fundi bæjarráðs 22. desember 2021 var samþykkt samhljóða að vísa viðauka nr. 11 til staðfestingar í bæjarstjórn.

Afgreiðsla:

Samþykkt samhljóða að staðfesta viðaukann.

3. Lánasjóður sveitarfélaga - lánsamningar - 2006044

Á 87. fundi bæjarráðs 22. desember 2021 var samþykkt samhljóða að veita bæjarstjóra heimild til að skrifa undir lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga að fjárhæð 150 mkr. sem er samkvæmt fjárhagsáætlun ársins 2021.

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar samþykkir hér með á 41. fundi sínum að taka lán hjá

Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 150.000.000 með lokagjalddaga þann 5. apríl 2034, í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggur fyrir á fundinum og bæjarstjórn hefur kynnt sér.

Bæjarstjórn Suðurnesjabæjar samþykkir að til tryggingar láninu (höfuðstól, uppgreiðslugjaldi auk vaxta, verðbóta dráttarvaxta og kostnaðar), standa tekjur sveitarfélagsins sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til fjármögnunar á framkvæmdum sveitarfélagsins, sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Magnúsi Stefánssyni kt. 011060-3319, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess fh. Suðurnesjabæjar að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

4. Byggðasafn Garðskaga - 1809075

Á 16. fundi ferða-, safna-og menningarráðs 15. desember 2021 var samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja söfnunarstefnu fyrir Byggðasafnið á Garðskaga.

Til máls tóku: FS og EJP.

Afgreiðsla:

Samþykkt samhljóða að staðfesta söfnunarstefnu fyrir Byggðasafnið á Garðskaga.

5. Byggðakvóti fiskveiðiárið 2021-2022 - 2112072

Erindi frá atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneyti dags. 21. desember 2021, þar sem tilkynnt er um úthlutun byggðakvóta. Úthlutað er 70 þorskígildatonnum til byggðarlagsins Garðs og 70 þorskígildatonnum til byggðarlagsins Sandgerðis.

Til máls tóku: EJP, MSM, HH, DB, MS og HS.

Afgreiðsla:

Samþykkt samhljóða að óska eftir við atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneyti, að ákvæði reglugerðar nr. 995/2021 gildi um úthlutun byggðakvóta byggðarlagsins Garðs með eftirfarandi breytingum:

a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verði: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kanna að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr. eftir því sem við á og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2020 til 31. ágúst 2021.

b)Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa innan sveitarfélagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta Garðs og til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2021 til 31. ágúst 2022.

6. Fastanefndir - 2003091

Breytingar á nefndarskipan hjá H-lista.

Afgreiðsla:

Fjóla Svavarsdóttir verður aðalmaður í yfirkjörstjórn í stað Vilhjálms Ingþórssonar. Arnar Geir Ásgeirsson verður aðalmaður í íþróttá- og tómstundaráði í stað Ægis Lárussonar.

7. Bæjarráð - 87 - 2112008F

Fundur dags. 22.12.2021.

Til máls tóku: PSG, EJP, MSM, HH, DB, FS, MS og HS.

Afgreiðsla:

Lagt fram.

- 7.1 2109077 - Leikskóli við Byggðaveg-Framkvæmdir
- 7.2 2002031 - Fjárfestingar og eftirlit með framvindu
- 7.3 2102089 - Fjárhagsáætlun 2021 - viðaukar
- 7.4 2006044 - Lánasjóður sveitarfélaga - lánessamningar
- 7.5 1811009 - Suðurnesjabær - Eignir sveitarfélagsins
- 7.6 2112065 - Úrgangsméðhöndlun - tilnefning í starfshóp
- 7.7 2112057 - Skiltahandbók
- 7.8 2104015 - Píludeild í Suðurnesjabæ
- 7.9 2112018 - Erindi frá knattspyrnufélaginu Reyni
- 7.10 2112041 - Maðurinn sem elskar tónlist
- 7.11 2112062 - Fjölskylduhjálpi Íslands - ósk um framlag
- 7.12 1911045 - Bílastæðasjóður Suðurnesjabæjar - fundargerðir

8. Ungmennaráð - 5 - 2112009F

Fundur dags. 10.12.2021.

Afgreiðsla:

Lagt fram.

- 8.1 2104080 - Heilsukassinn
- 8.2 2104080 - Fjárfestingaráætlun 2022
- 8.3 2104080 - Könnun á frístundastarfi
- 8.4 2104080 - Hopp hlaupahjól

9. Íþróttá- og tómstundaráð - 12 - 2111022F

Fundur dags. 14.12.2021.

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn óskar Rúnari Þór Sigurgeirssyni til hamingju með að vera útnefndur íþróttamaður ársins 2021 í Suðurnesjabæ og Kristjönu Halldóru Kjartansdóttur fyrir viðurkenningu fyrir óeigingjörn störf í þágu æskulyðsmála í Suðurnesjabæ.

Lagt fram.

- 9.1 2111080 - Íþróttamaður ársins 2021
- 9.2 2111080 - Íþróttamaður ársins 2021
- 9.3 2112035 - Starfsáætlun frístundaeildar
- 9.4 2001072 - Heilsueflandi samfélag í Suðurnesjabæ
- 9.5 1809010 - Forvarnarhópurinn Sunna 2021

10. Ferða-, safna- og menningarráð - 16 - 2112010F

Fundur dags. 15.12.2021.

Til máls tóku: HS og EJP.

Afgreiðsla:

Bæjarstjórn óskar húseigendum, ljósahúss Suðurnesjabæjar, að Stafnesvegi 22 í Sandgerði og jólahúss Suðurnesjabæjar, að Skagabraut 16 í Garði til hamingju með viðurkenningarnar. Þá er íbúum Garðbrautar 77 í Garði og Hólagötu 12 í Sandgerði einnig óskað til hamingju fyrir sérstakar viðurkenningar fyrir fallega skreytt hús.

Lagt fram.

- 10.1 1809075 - Byggðasafn Garðskaga
- 10.2 2009045 - Viðburðir og menningarmál í Suðurnesjabæ 2020-2021
- 10.3 1910062 - Stefna í ferða-, safna og menningarmálum
- 10.4 1812040 - Viðurkenningar

11. Samband íslenskra sveitarfélaga-fundargerðir 2021 - 2102005

904. fundur stjórnar dags. 10.12.2021.

Afgreiðsla:

Lagt fram.

12. Heilbrigðisnefnd Suðurnesja - fundargerðir 2021 - 2103001

a) 290. fundur dags. 14.10.2021.

b) 291. fundur dags. 07.12.2021.

Til máls tóku: HS, HH, EJP, PSG og MS.

Afgreiðsla:

Fundargerðirnar lagðar fram.

13. Brunavarnir Suðurnesja fundargerðir 2021 - 2103029

61. fundur stjórnar dags. 13.12.2021.

Afgreiðsla:

Lagt fram.


14. Kalka sorpeyðingarstöð - fundargerðir 2021 - 2103058

531. fundur stjórnar dags. 14.12.2021.

Afgreiðsla:

Lagt fram.


Fundi slitið kl. 18:35.



Einar Jón Pálsson



Hólmfríður Skarphéðinsdóttir



Haraldur Helgason



Laufey Erlendsdóttir



Friða Stefánsdóttir




Katrín Pétursdóttir




Magnús Sigfús Magnússon



Pálmi Steinar Guðmundsson



Daði Bergþórsson



Magnús Stefánsson

Bergný Jóna Sævarsdóttir